



Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25.04.2008

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum. 515. mál.

Frumvarpið felur í sér breytingar á tekjuskattslögum sem tengjast yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 17. febrúar sl. um aðgerðir í því skyni að greiða fyrir gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Auk þess felur frumvarpið í sér mikilvægar breytingar varðandi skattalega meðferð gengishagnaðar og samræmingu afdráttarskatts af arðgreiðslum til erlendra aðila.

Nánar tiltekið er í 4. gr. lögð til hækkun í tveimur áföngum á tekjuskerðingarmörkum barnabóta og hækkun á eignaskerðingarmörkum vaxtabóta. Í 5. gr. er lögð til lækkun á tekjuskatti hlutafélaga og einkahlutafélaga úr 18% í 15% og samsvarandi lækkun á tekjuskatti sameignar- og samlagsfélaga, úr 26% í 23,5%. Í 7. gr. er lögð til hækkun á persónuafslætti sem nemur 7.000 kr. á mánuði umfram almenna verðuppfærslu og skiptist hækkunin í þrjú áfanga. Þessar breytingar eru í samræmi við nefnda yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og lýsa Samtök atvinnulífsins stuðningi sínum við þær.

Skattaleg meðferð gengishagnaðar og -taps

Í 1. og 3. gr. er lögð til breyting á skattalegri meðferð gengishagnaðar og gengistaps. Samkvæmt gildandi lögum skal færa gengishagnað að frádregnu gengistapi að fullu til tekna eða gjalda á viðkomandi reikningsári, en í frumvarpinu er lagt til að gengishagnaði eða gengistapi skuli dreift með jafnri fjárhæð á þrjú ár frá og með því reikningsári þegar gengishagnaður eða –tap fellur til.

Samkvæmt 8. gr. er þó lagt til að 1. og 3. gr. frumvarpsins (um dreifingu á gengismun) öðlist ekki gildi fyrr en 1. janúar 2009 og komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2010. Tilgangur þessarar frestunar á gildistöku er væntanlega sá að fyrirbyggja að lögin feli í sér afturvirkni. Slíkur fyrirvari er nauðsynlegur að því er varðar gengistap. Fyrirtæki sem verða fyrir gengistapi á yfirstandandi ári hafa í samræmi við gildandi lög gengið út frá því að slíkt tap komi að fullu til frádráttar á þessu reikningsári. Öðru máli gegnir um gengishagnað. Ákvörðun Alþingis um að skattlagning gengishagnaðar á yfirstandandi ári dreifist á þrjú ár í stað þess að koma að fullu til skattlagningar á næsta ári, eins og gildandi lög fela í sér, er ívilnandi ráðstöfun en ekki íþyngjandi afturvirk skattlagabreyting. Samtök atvinnulífsins telja mikla þörf á því að tryggja fyrirtækjum möguleika á að dreifa tekjufærslu gengishagnaðar eins og frumvarpið felur í sér og að slík breyting komi strax til framkvæmda, eins og nú verður nánar útskýrt.

Í árslok síðasta árs stóð gengisvísitala krónunnar í 120,0 samanborið við 129,2 stig í árslok 2006. Það felur í sér að gengi krónunnar var 7,2% hærra í árslok 2007 en á sama tímabili árið áður. Sama gerðist í árslok 2005 en þá stóð gengisvísitala krónunnar í 105,7 stigum og hafði þá einnig hækkað um 7,2% frá árslokum árið áður. Slík gengishækkun milli áramóta felur í sér að það myndast skattalegur



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

gengishagnaður af skuldum fyrirtækja í erlendri mynt sem getur valdið því að á þau sé lagður tekjuskattur þótt enginn hagnaður eða jafnvel tap sé af reglulegri starfsemi. Við slíkri stöðu var brugðist á árinu 2006 með setningu laga nr. 48/2006 þar sem heimilað var að fresta tekjufærslu gengishagnaðar umfram gengistap á árinu 2005 og dreifa tekjunum á næstu þrjú rekstrarár (2006-2008). Með hliðsjón af framangreindu telja Samtök atvinnulífsins fyllstu þörf á lögleiðingu ákvæðis sem heimilar fyrirtækjum að dreifa yfir þriggja ára tímabil tekjufærslu vegna gengishagnaðar á árinu 2007. **Leggja SA því til að 8. gr. frumvarpsins verði breytt á þann hátt að frestun á gildistöku eigi aðeins við um 3. gr. frumvarpsins, en 1. gr. taki þegar gildi.**

Líta má svo á að frumvarpið feli í sér varanlega reglu um skattalegu meðferð á gengishagnaði, en í athugasemdum með áður nefndu frumvarpi til laga nr. 48/2006 var boðuð endurskoðun á skattalegri meðferð gengishagnaðar og gengistaps til framtíðar. Lýsa SA stuðningi sínum við frumvarpið, með þeirri breytingu sem lögð er til hér að framan.

Á hinn bóginn skal bent á að SA telja æskilegustu varanlegu lausnina felast í því að víkka út yfirfærslu taps milli ára þannig að tap verði yfirfæranlegt aftur í tímann (carryback) eins og fram í tímann (carryforward). Þannig væri hægt að endurgreiða ofgreidda skatta á fyrri árum ef tap myndast. Slík regla er ekki síst æskileg þegar það ástand skapast sem verður við snöggar hækkanir á gengi krónunnar, en þá sitja útflutnings- og samkeppnisgreinar uppi með slæm rekstrarskilyrði á sama tíma og gengishagnaður af lánnum getur skilað þeim í skattalegan hagnað. Slíkur hagnaður er skammtímafyrirbæri og verður að tapi þegar gengi krónunnar lækkar. Þarf þá að vera mögulegt að fá tekjuskattinn af stundarhagnaðinum endurgreiddan. Er þetta miklu einfaldari og almennari leið en að dreifa skattlagningu gengishagnaðar yfir þrjú ár og tæki með almennum hætti á ástandi sem getur skapast við miklar sveiflur á bókfærðu verði eigna og skulda fyrirtækja.

Til stuðnings framangreindri tillögu má benda á að a.m.k. 9 stór ríki hafa tekið upp slíka heimild og er árafjöldi aftur í tímann innan sviga. Þessi ríki eru Kanada (3), Síle (ótakmarkaður árafjöldi), Frakkland (3), Þýskaland (1), Írland (1), Japan (1), Holland (3), Bretland (1) og Bandaríkin (2). Heimildin er Ernst&Young, Worldwide Corporate Tax Guide 2005. Virðist sem útbreiðsla þessarar heimildar hafi farið vaxandi þar sem í sömu heimild árið 2001 er mun færri ríkja getið sem hafa þessa heimild. Auk þessara stóru ríkja heimila ýmis örríki umrædda yfirfærslu.

Miklar sveiflur í gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum fela í sér sérstök rök fyrir því að heimila yfirfærslu taps aftur í tímann í íslenskum skattalögum. Sveiflur í gengi krónunnar valda ekki aðeins sveiflum í hagnaði og tapi á skuldum heldur í afkomu fyrirtækja almennt. Upptaka slíkrar heimildar í íslensk skattalög myndi því ráða þar nokkra bót á og er í samræmi við það mikilvæga markmið að viðhalda alþjóðlegri samkeppnishæfni íslenskra skattalaga.

Afdráttarskattur af arðgreiðslum

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að afdráttarskattur af arðgreiðslum til erlendra aðila með takmarkaða skattskyldu hér á landi verði lækkaður úr 15% í 10% til samræmis við innlenda aðila. Breyting þessi er að mati Samtaka atvinnulífsins löngu tímabær og raunar nauðsynleg til þess að tryggja jafnræði í samræmi við kröfur EES-samningsins.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins


Guðlaugur Stefánsson hagfræðingur

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is